

Ágætu foreldrar/ forráðamenn

Þriðjudaginn 15. mars er nemendum í Oddeyrarskóla boðið í Hlíðarfjall. Þennan dag er óhefðbundin stundatafla (gulmerktur dagur í skóladagatali) og því er skólinn búinn strax að loknum mat. Innanskólavalgreinar falla niður en frjáls mæting er í utanskólavali. Nemendur sem skráðir eru í mat fá að borða þegar komið er til baka í skólann.



Nemendur í 1. – 3. bekk **sem eru sjálfbjarga** á skíðasvæðinu geta komið með eigin skíðabúnað. Ekki verður hægt að lána þeim búnað, en þeir geta komið með sleða eða þotur. Nemendur í 4. – 10. bekk sem ekki eiga búnað geta fengið hann lánaðan. Ekki er hægt að skipta um búnað þegar búnað er að velja.

Ef nemendur í **5. - 10. bekk** ætla að verða eftir í Hlíðarfjalli verða foreldrar að láta umsjónarkennara vita fyrirfram. Að lokinni skipulagðri dagskrá eru nemendur á eigin vegum. Þeir sem ætla að vera lengur en eiga ekki árskort geta keypt rafrænt kort á 1000 kr. sem þeir sækja þegar aðrir fara heim. Þeir nemendur sem hafa búnað að láni geta leigt hann áfram á 1.990 kr.

Munið eftir góðu nesti, **hjálmi** og góða skapinu. Mikilvægt er að vera klæddur til útivistar, merkja vel föt og allan búnað. Þeir sem ekki eiga hjálm fá hann lánaðan. Ástæða er til að minna nemendur á að ætla sér ekki um of og fara gætilega í brekkunum. Foreldrum er velkomið að koma með.

Mætingar:

8. - 10. bekkur. Mæting í skóla kl. 8:45. Rútur í Hlíðarfjall kl. 9:00 og til baka kl. 12:15.

5. – 7. bekkur. Mæting í skóla kl. 08:30. Rútur í Hlíðarfjall kl. 08:45 og til baka kl. 12:00.

1. – 4. bekkur. Mæting í skóla kl. 08:10. Rútur í Hlíðarfjall kl. 08:15 og til baka kl. 11:15.

Með von um góða skemmtun í Hlíðarfjalli :)

Starfsfólk Oddeyrarskóla